

Myrkir músikdagar

.....
FIMMTUDAGUR 26.01.12



SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS

Hymnos 11'30"
Mani 7'00"
Orkestur 11'00"
Metastasis 7'00"
Ten Sinfonias 20'00"

Tónleikagestir eru beðnir um að klappa aðeins í lok verka.
Vinsamlegast hafið slökkt á farsímum meðan á tónleikum stendur.
Tónleikarnir eru í beinni útsendingu á Rás 1.
Upptaka frá tónleikunum er aðgengileg á vefslóðinni www.ruv.is í tvær vikur.



MENNTA- OG
MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ



Reykjavíkurborg

BAKHJARLAR

BORGUN



GAMMA

MYRKIR MÚSÍKDAGAR

TÓNLEIKAR Í ELDBORG 26. JANÚAR 2012 KL. 19:30

Ilan Volkov, hljómsveitarstjóri

Giacinto Scelsi

Hymnos (1963)

Hlé

Atli Ingólfsson

Mani (2011)

Hugi Guðmundsson

Orkestur (2011, frumflutningur)

Gegnsætt

Gegnheilt

Iannis Xenakis

Metastasis (1954)

Hans Abrahamsen

Ten Sinfonias fyrir hljómsveit (2010)

I. *Molto tempestoso e impetuoso*

II. *Allegro energico e con fuoco*

III. *Largo molto espressivo e cantabile*

IV. *Allegretto semplice*

V. *Adagio mesto*

VI. *Grave sostenuto ma con moto*

VII. *Allegretto giocoso*

VIII. *Con movimento ma sempre pesante e rigoroso*

IX. *Largo nobilmente*


X. *Presto con spirito*

Ilan Volkov

hljómsveitarstjóri



Ilan Volkov (f. 1976) hóf tónlistarnám ungur að árum. Hann var ráðinn aðstoðarstjórnandi Northern Sinfonia á Englandi 19 ára gamall og árið 1997 tók hann við samskonar stöðu við hlið Seijis Ozawa við Sinfóníuhljómsveitina í Boston. Hann var valinn aðalstjórnandi skosku BBC-hljómsveitarinnar árið 2003 og var þá yngsti stjórnandinn til að hreppa slíka stöðu við bresku útvarpshljómsveitirnar. Hann stýrði hljómsveitinni meðal annars á Proms- og Edinborgarhátíðunum og lagði sig fram um að kynna nýja tónlist á meðan hann gegndi stöðunni, má þar nefna, nýjan sellókonsert eftir Unsuk Chin með einleikaranum Alban Gerhardt á Proms-hátíðinni 2009. Volkov lét af starfinu í Skotlandi árið 2009 og tók við stöðu aðalstjórnanda Sinfóníuhljómsveitar Íslands í september 2011. Meðal þeirra hljómsveita sem hann stýrir reglulega eru Fílharmóníuhljómsveitirnar í Ísrael, München og Rotterdam, Orchestra of the Age of Enlightenment, Sinfóníuhljómsveitin í Birmingham, Orchestre de Paris og Þjóðarhljómsveitin í Washington. Volkov er einnig mikils metinn óperustjóri og hefur stýrt Lundúnaflharmóníunni í *Draumi á Jónsmessunótt* eftir Britten á Glyndebourne-hátíðinni, *Peter Grimes* við Þjóðaróperuna í Washington, *Evgéní Ónégin* við San Francisco-óperuna og *The Rise and Fall of the City of Mahagonny* eftir Kurt Weill við óperuna í Toulouse. Volkov hljóðritar fyrir Hyperion-útgáfuna og hlaut Gramophone-verðlaunin 2009 fyrir hljóðritun sína af hljómsveitarverkum Benjamins Britten. Nýr hljómur þar sem hann stjórnar verkum eftir breska tónskáldið Jonathan Harvey hlaut fyrr á þessu ári Mónakó-verðlaunin og Prix Caecilia, sem eru veitt af samtökum tónlistargagnrýnenda í Belgíu.



Giacinto Scelsi

Hymnos

Ítalski meistarinn Giacinto Scelsi (1905-1988) hafði mikinn áhuga á fjölbreytileika ólíkra menningarheima og aðhylltist búddisma og asíska heimspeki. Táknmynd hans í tónlistarheiminum er hringur og lárétt strik, tákn sólarupprásar eða sólarlags en Scelsi leyfði ekki myndbirtingu af sér í tengslum við tónlistarflutning verka sinna. Um miðja 20. öldina settist hann að í gamla miðbænum í Róm, *Forum Romanum*, þar sem hann sagði að Austrið og Vestrið mættust. „Suður af Róm er Austrið, norður af Róm er Vestrið. Landamærin liggja nákvæmlega í gegnum *Forum Romanum*. Þar eru hóbýli mín: Þetta skýrir líf mitt og tónlist mína.“ Scelsi var í félagsskap ýmissa listamanna og má þar nefna Salvador Dalí og skáldin Paul Eluard og Henri Michaux. Eftir Scelsi liggja nokkur ljóðasöfn þar sem hluti ljóða hans er byggður upp af aðeins einu orði, líkt og tónverk hans sem hverfast um eina tónhæð. Tónlistarnám Scelsis var óformlegt. Hann lærði á píanó og fór í tónsmíðatíma hjá Giacinto Sallustio, Egon Koehler og Walter Klein. Scelsi sótti innblástur í verk Scriabins, Bergs og Schönbergs. *Hymnos* eða *Sálmur* er eitt einfaldasta og áheyrilegasta verk Scelsis. Verkið er í einum þætti og skrifað fyrir stóra hljómsveit sem skipt er upp í tvo samhverfa hópa. Hóparnir leika hvor á móti öðrum með orgel, sem er í lykilhlutverki, pákur og þrjá slagverksleikara í miðjunni. Slagverkið er frekar lágstemmt í þessu verki með gong staðsett ofan á ketilbumbu. Allur tónblær er gefinn til kynna af tónskáldinu af mjög mikilli nákvæmni. *Hymnos* lokar sífónískum þríleik Scelsis sem hófst á *Hurqualia* (1960) og *Aiôn* (1961). *Hymnos* var frumflutt árið 1984 á tónlistarhátíðinni í Angers í Frakklandi. Brot úr verkum Scelsis, *Quattro pezzi su una nota sola* og *Uaxuctum*, voru leikin í sálfræðitrylli leikstjórans Martins Scorsese *Shutter Island* sem skartar stórstjörnunum Leonardo Di Caprio og Ben Kingsley.



Atli Ingólfsson

Mani

Atli Ingólfsson fæddist í Keflavík árið 1962. Hann lauk námi í klassískum gítarleik frá Tónlistarskólanum í Reykjavík og tónsmíðum frá sama skóla þar sem Þorkell Sigurbjörnsson og Atli Heimir Sveinsson voru kennarar hans. Jafnframt lauk Atli BA prófi í heimspeki frá Háskóla Íslands. Atli hélt til Ítalíu og Frakklands til framhaldsnáms og stundaði nám hjá Davide Anzagli í Konservatoríinu í Milanó og hjá Gérard Grisey í París þar sem hann sótti einnig tíma við Conservatoire National Supérieur. Strax að námi loknu var rödd Atla sterk í heimi samtímatónlistarinnar og honum falið að semja tónverk fyrir þekktu tónlistarhópa og menningarstofnanir. Verk hans hafa verið flutt víða á virtum tónlistarhátíðum. Áður en Atli hélt til framhaldsnáms í tónsmíðum gaf hann út ljóðabók en mörg verka hans endurspeglu áhuga á hljóðfræði og hrynjandi þar sem bragfræðin er oft og tíðum sterkur áhrifavaldur. Í nýrri verkum kannar Atli gjarnan samspil blæs, hljóma og hrynjandi. Tónverkið *Mani* var samið fyrir sinfóníuhljómsveitina í Cottbus í Þýskalandi. *Mani* var frumflutt 16. desember síðastliðinn og endurflutt tveimur dögum síðar. Atli segir um verk sitt: „Þegar sinfóníuhljómsveitin í Cottbus pantaði þetta verk hjá mér fylgdu því tvær kvaðir. Sú fyrri var að verkið tengdist á einhvern hátt hugmyndinni um þjóðlag, sú síðari að það væri örugglega búið eftir sex mínútur. Við þessu brást ég með því að slægja lagstúf í G-dúr upp úr skissum sem ég átti. Hann er settur inn í dálitla hringlu þar sem nótur lagsins fara fljótlega að klingja óháð hver annarri, fá hver sinn litblæ og hnikast sumar upp eða niður í tónsviði. Síðara skilyrðið varð til þess að hringlan er skoðuð eins og út um glugga og dregið fyrir á tilsettum tíma, eða um það leyti sem lagið birtist í annað sinn. *Mani* er heitið á bænahringlu sem notuð er við búddískar athafnir í Tíbet.“

Hugi Guðmundsson

Orkestur (frumflutningur)



Hugi Guðmundsson er einn af okkar efnilegu tónsmiðum af yngri kynslóðinni sem hefur látið mikið að sér kveða bæði hér heima og erlendis. Í tónsmíðum sínum teflir Hugi fram ólíkum hljóðfærum og hljóðgjöfum af hugviti og næmi. Tónsmíðar Huga spanna allt frá einleiksverkum til hljómsveitarverka og hefur hann hlotið margvíslegar viðurkenningar fyrir verk sín, meðal annars viðurkenningar frá Alþjóðlega tónskáldabinginu og Íslensku tónlistarverðlaunin árið 2008 fyrir verk sitt *Apocrypha*. Hugi fæddist í Reykjavík árið 1977 og stundaði nám í tónsmíðum við Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Þorkels Sigurbjörnssonar og Úlfars Inga Haraldssonar. Hugi lauk meistaraþáðu í tónsmíðum frá Konunglegu dönsku tónlistarakademíunni vorið 2005 þar sem kennarar hans voru Hans Abrahamsen, Bent Sørensen og Niels Rosing-Schow. Árið 2007 landaði Hugi meistaraþáðu í raf- og tölvutónlist frá Sonology stofnuninni í Den Haag í Hollandi. Hugi býr og starfar í Danmörku. Tónskáldið hefur þetta um verkið að segja: „*Orkestur* er verk í tveimur köflum sem byggja á sama tónefni þó að þeir séu ólíkir að öðru leyti. Fyrri kaflinn, *Gegnsætt*, sýnir fínlegri litbrigði hljómsveitarinnar og fer mikið fram á hærra tónsviðinu. Í upphafi eru stuttar hendingar í xylófón, píanói og hörpu sem samanlagt mynda mjög hraða fallandi skala eða skalabrot. Kaflinn er allur byggður á mjög einföldu efni sem þó er eins og speglað í gáruðu vatni þannig að myndin brotnar og þjagast á einhvern einkennilegan hátt og verður óskýr. Síðari kaflinn, *Gegnheilt*, sýnir kraftmeiri hlið hljómsveitarinnar þar sem tónefnið er allt skýrara og áþreifanlegra. Skalar sem áður leituðu niður fara nú upp á við og stefnan er tekin á lokahápunktinn. Titill verksins, *Orkestur*, er einhver skrítn mynd orðsins „orchestra“ eða „orkester“ sem Jón Leifs notaði stundum um símfóníuhljómsveit.“

Iannis Xenakis

Metastasis



„Mér líkar orgelið en ég hef sérstakt dálæti á strengjahljóðfærum“ er haft eftir raungreinamanninum og tónsmiðnum Xenakis (1922-2001). Áhugi hans beindist að tæknilegum eiginleikum og hljómi strengjahljóðfæranna sem myndar stóran hluta af hljóðheimi tónskáldsins. Xenakis helgaði tónskáldaferil sinn þróun á tónsmíðataekni sem hann taldi vera í beinum tengslum við þann heim sem við lifum í. Tónlist Xenakis byggir á vísindalegum grunni þar sem hann segir vísindin hafa komið í stað Guðs og líklegri en alvaldið til að endurspegla hin raunverulegu sannindi. Xenakis fæddist í Rúmeníu og var af grísku foreldri. Í seinni heimsstyrjöldinni var hann við nám í stærðfræði og eðlisfræði í Aþenu og tók virkan þátt í andspyrnuhreyfingunni. Hann var dæmdur til dauða af herrétti árið 1947 en flúði frá Grikklandi og settist að í París og hóf störf á arkitektastofu Le Corbusier. Þar starfaði hann í 12 ár og hlaut athygli og viðurkenningu fyrir þátttöku sína í hönnun Philips skálans á heimssýningunni í Brussel 1958. Þó Xenakis hafi ekki helgað sig tónsmíðum einvörðungu fyrr en 1959 þá samdi hann um miðja síðustu öld þau tónverk sem teljast til fyrstu stóru verka hans eins og *Metastasis* fyrir hljómsveit, *Pithoprakta* fyrir strengjasveit, *Achoripsis* fyrir kammersveit og *Herma* fyrir píanó. *Metastasis* var frumflutt í Donaueschingen árið 1955 og greip ofsabræði um sig meðal áheyrenda eftir flutninginn. Í samanburði við tónlist sem samin var í Evrópu um miðja síðustu öld hefur *Metastasis* hljómað líkt og tónlist frá öðrum hnetti. Xenakis sagði eftir flutninginn á verkinu: „Ég var í útleð í mörg ár frá öllum *avant-garde* tónlistarviðburðum í Þýskalandi, samt sem áður þegar fram liðu stundir, þá var það þar sem frægðarsól mín reis.“ Þó að Xenakis hefði mikla tónlistarreynslu var formlegt tónlistarnám hans takmarkað. Hann nam hjá Messiaen í Konservatoríinu í París og sótti einkatíma hjá Honegger og Milhaud. Samstarfsmenn, sumir hverjir, litu á hann sem seinþroska í faginu og

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Árið 1976 var fyrirlestur á vegum Alliance française, í Árnagarði, um gríska tónskáldið Xenakis. Fyrirlesturinn bar yfirskriftina „Hjúskapur vísinda og tónlistar“. Þar var Xenakis kynntur sem einn af fremstu og forvitnilegustu tónsmiðum samtíðarinnar af spænska orgelleikaranum Antonio D. Corveiras. Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verkið Aurora eftir Xenakis á tónleikum í Háskólabíói árið 1991 undir stjórn Petris Sakari.

töldu hann hafi komið sér bakdyramegin inn á sviðið. Áhugi Xenakis á verkfræði og arkitektúr skilaði sér í hljómsveitarskrifum hans þar sem strengjahljómurinn og hæfni hljóðfæranna til að renna sér á milli tónhæða viðstöðulaust átti hug hans allan. Í *Metastasis* setti Xenakis leikmáta strengjanna í línurit þar sem tónhæð var á y-ásnum og tími á x-ásnum. Jafnframt nýtti hann sér jafnhlutfallarunu við uppbyggingu tónbila og tímalengd styrkleikabreytinga og blæbrigða. Lögun tónhæðanna í *Metastasis* var beinn áhrifavaldur þegar Philips skálinn var hannaður. Verkið er skrifað fyrir 61 hljóðfærarödd sem hver um sig er sjálfstæð en saman renna raddirnar í eftirtektarverðan hljóðmassa.

Hans Abrahamsen

Ten Sinfonías



„Að semja tónlist er að rýna í hana og finna eitthvað sem ég vissi ekki að væri til staðar, til að byrja með. Að rannsaka tónlistina og finna nýja hluti í tónmálinu sem koma mér á óvart og fanga mig.“ Þannig komst danska tónskáldið Hans Abrahamsen (1952), sérstakur gestur Sinfóníuhljómsveitar Íslands á þessum tónleikum, að orði þegar hann var spurður um tilgang þess að semja tónlist. Abrahamsen byrjaði ungur að árum í tónsmíðanámi og meðal kennara hans voru Per Nørgård og György Ligeti. Frá árinu 1995 hefur Abrahamsen kennt tónsmíðar og hljóðfærafræði við Konunglegu dönsku akademíuna í Kaupmannahöfn. Verk hans hafa verið flutt víða, meðal annars á Proms-hátíðinni í Lundúnum. Abrahamsen hefur hlotnast margvíslegur heiður fyrir tónverk sín og má þar nefna Carl Nielsen og Anne Marie Carl-Nielsen verðlaunin 1989 og Wilhelm Hansen tónskáldaverðlaunin 1998. Með tónsmíðum sínum hefur Abrahamsen skapað list sem hefur verið lýst sem mjög viðkvæmri í allri túlkun, tilfinningaþrunginni, geislandi og örvandi, list sem stöðugt leiti að nýjum lendum en hlusti á sama tíma af athygli á fortíðina, bæði sína eigin og annarra sem hafa mótað tónlistarsöguna í tímanna rás eins og Mahler og Ligeti. Hugi Guðmundsson er fyrrum nemandi Abrahamsen í Kaupmannahöfn og lýsir kennsluaðferðum og áhuga tónskáldsins á viðfangsefninu á eftirfarandi hátt: „Á námsárunum mínum í Danmörku var ég með þrjá tónsmíðakennara sem allir voru ótrúlega ólíkir og hver um sig opnaði fyrir mig alveg nýjar víddir í nálgun minni á tónsmíðum. Enginn hafði þó eins mikil áhrif á mig og Hans Abrahamsen, fyrst sem hljóðfærafræðikennari minn og síðar tónsmíðakennari. Ólíkt hinum kennurunum mínum sem litu meira á heildarmyndina þá nostraði Hans við smáatriðin. Mér eru sérstaklega minnisstæðir tímar þar sem hann var að bæta mér upp forföll og bauð mér að koma á heimili sitt fyrir norðan Kaupmannahöfn. Tímarnir urðu fimm til sex tíma langir þar sem hann kafaði niður í verkin manns og þegar maður kom út vissi maður ekki hvað tímanum hafði liðið, bókstaflega með öran hjartslátt af innblæstri.“

TÓNLISTIN Á ÍSLANDI

Sinfóníuhljómsveit Íslands flutti verk Abrahamsens, Merchenbilder árið 1986 og Stratifications árið 1977 undir stjórn Páls P. Pálssonar.

Ten Sinfonias

Brot úr skrifum um verkið frá höfund:

Gegnum tíðina hef ég snúið mér aftur og aftur að fyrri verkum mínum og skissum til að sjá hvort þar liggi falin tækifæri og leiðir sem ég kom ekki auga á áður sem gætu þróast í ný verk. Verk sem ég sný mér oft að er *Strengjakvartett nr. 1*, með undirtílinn *10 Prelúdíur* sem ég samdi vorið 1973. Þetta verk er að mörgu leyti lykilverk sem ég samdi snemma á tónskáldaferlinum. Það samanstendur af tíu stuttum verkum eða upphafi þeirra, þar sem mörgum stílum og naumhyggju bregður fyrir. Til margra ára hefur sú hugsun verið ofarlega í huga mér að skrifa hljómsveitarútgáfu af strengjakvartettinum en hvernig hægt væri að koma því í verk á nýjan listrænan máta var mér ekki ljóst fyrr en sumarið 2010. Fyrsta prelúdía Chopins byrjar í C-dúr eins og fyrsta prelúdía Bachs úr fyrri heftinu af *Das Wohltemperierte Klavier*. Út frá þessu sjáum við að C-dúr er ráðandi afl sem upphafsreitur. Í tónverkinu mínu *10 Prelúdíum* kemur C-dúr fyrst fyrir í tíundu prelúdíunni eftir frekar óstöðugt upphaf utan tóntegunda í fyrstu prelúdíunni. Þessi uppbygging leiddi til útsetningar fyrir hljómsveit með ólíkan leikmáta þar sem horn og trompetar leika yfirtóna eins og upprunalegu hljóðfærin voru einungis fær um. Pákurnar fylgja sama lögmáli og leika aðeins grunntón og fortón. Önnur hljóðfæri leika á nútímamáta en á heildina litið er útsett fyrir hljómsveitina eins og um „Mozart-hljómsveit“ sé að ræða þar sem óbó og fagott skipa tréblásarahópin. Eftir að hafa fengið þessa útfærsluhugmynd lá í augum uppi hvernig endurhugsun prelúdíanna tíu yrði því stefnan að C-dúr endurspeglar hvernig hljóðfærin geta tekið þátt í tónlistinni. Ég gekk út frá því sem vinnureglu að bæta ekki neinum nýjum röddum við strengjakvartettinn og strengjahópin, fyrir utan kontrabassana. Tréblásturshljóðfærin fylgja strengjunum að miklu leyti

og hornin, trompetarnir og pákurnar leika þar sem þeim er unnt, þar til í síðasta þætti verksins, þar sem tónlistin nær raddsviði hljóðfæranna í eiginlegum skilningi. Mér finnst ég eiga heima í sama hópi og tónskáld sem endurrita verk sín aftur og aftur, frá einni hljóðfærasamsetningu til annarrar, eins og Ravel og Stravinsky. Árið 1962 endurskrifaði sá síðarnefni píanóstykkin *Les Cinq Doigts* frá árinu 1921 fyrir litla hljómsveit og nefndi þau *Eight Instrumental Miniatures*. Hægt er að halda upptalningunni áfram og tiltaka hvernig Stravinsky endurskrifar og endurhugsar eigin verk, svo ekki sé talað um verk annarra tónskálda. Ég kalla þessa útgáfu af prelúdíunum tíu, *Ten Sinfonias* fyrir hljómsveit, þar sem ég nota orðið *sinfónía* á sama hátt og barokktónskáld yfir hljóðfæraförleik. *Ten Sinfonias* er skrifað að beiðni Sinfóníuhljómsveitar Íslands og *DR UnderholdningsOrkestret* í Danmörku.

Hans Abrahamsen (2012)

HJÖRDÍS ÁSTRÁÐSDÓTTIR

Á döfinni



Nýtt, ferskt og spennandi í Hörpu

Tónskáldastofa í Eldborg

Föstudaginn 27. janúar kl. 09:30-11:30

Föstudaginn 27. janúar efnir Sinfóníuhljómsveitin í annað sinn til Tónskáldastofu, þar sem þrjú íslensk tónskáld undir 35 ára aldri fá þjálfun og leiðsögn í að skrifa verk fyrir sinfóníuhljómsveit. Valið er úr innsendum verkum og í ár var það danska tónskáldið Hans Abrahamsen sem valdi tónverkin Lancharan eftir Gunnar Karel Mátsson, Grafötu eftir Guðmund Stein Gunnarsson og Kvikú eftir Kristján Guðjónsson. Tónskáldastofa er öllum opin og aðgangur ókeypis.

Hans Abrahamsen tónskáld
Ilan Volkov hljómsveitarstjóri

HLJÓMSVEITIN Á TÓNLEIKUM

26. janúar 2012

1. FÍÐLA

Sigrún Eðvaldsdóttir
Andrzej Kleina
Zbigniew Dubik
Pálína Árnadóttir
Rósa Guðmundsdóttir
Hildigunnur Halldórsdóttir
Olga Björk Ólafsdóttir
Ágústa María Jónsdóttir
Mark Reedman
Bryndís Pálsdóttir
Ingrid Karlsdóttir
Júlíana Elín Kjartansdóttir
Sólrun Gunnarsdóttir

2. FÍÐLA

Roland Hartwell
Dóra Björgvinsdóttir
Kristín Björg Ragnarsdóttir
Margrét Þorsteinsdóttir
Greta Salome Stefánsdóttir
Kristján Matthíasson
María Weiss
Christian Diethard
Hlín Erlendsdóttir
Þórdís Stross
Ólöf Þorvarðsdóttir
Sigurlaug Eðvaldsdóttir

VÍÓLA

Helga Þórarinsdóttir
Sarah Buckley
Sesselja Halldórsdóttir
Þórarinn Már Baldursson
Guðrún Þórarinsdóttir
Svava Bernharðsdóttir
Eyjólfur Alfreðsson
Kathryn Harrison
Guðrún Hrunn Harðardóttir
Herdís Anna Jónsdóttir

SELLÓ

Bryndís Halla Gylfadóttir
Sigurgeir Agnarsson
Hrafnkell Orri Egilsson
Margrét Árnadóttir
Bryndís Björgvinsdóttir
Sigurður Bjarki Gunnarsson
Lovísa Fjeldsted
Inga Rós Ingólfsdóttir

BASSI

Hávarður Tryggvason
Páll Hannesson
Dean Ferrell
Jóhannes Georgsson
Richard Korn
Þórir Jóhannsson

FLAUTA

Hallfríður Ólafsdóttir
Áshildur Haraldsdóttir
Martial Nardeau
Emilía Rós Sigfúsdóttir

ÓBÓ

Daði Kolbeinsson
Matthías Nardeau
Peter Tompkins

KLARINETT

Arngunnur Árnadóttir
Einar Jóhannesson
Sigurður I. Snorrason
Rúnar Óskarsson

FAGOTT

Rúnar Vilbergsson
Hafsteinn Guðmundsson
Sigríður Kristjánsdóttir

HORN

Joseph Ognibene
Emil Friðfinnsson
Stefán Jón Bernharðsson
Þorkell Jóelsson
Lilja Valdimarsdóttir
Anna Sigurbjörnsdóttir

TROMPET

Ásgeir Steingrímsson
Einar Jónsson
Eiríkur Örn Pálsson
Guðmundur Hafsteinsson

BÁSÚNA

Oddur Björnsson
Sigurður Þorbergsson
Jón Halldór Finnsson
David Bobroff, bassabásúna

TÚBA

Nimrod Ron
Finnbogi Óskarsson

HARPA

Katie Buckley

PÍANÓ

Anna Guðný Guðmundsdóttir

PÁKUR

Eggert Pálsson

SLAGVERK

Steeff van Oosterhout
Frank Aarnink
Árni Áskelsson

Þér við sælusæti bjóðum
með sinfónískum töfrahljóðum.
Slíka gjöf má gjarnan þiggja
á gleðina mun ekkert skyggja.
- Okkar hlutverk er að tryggja.



VÍS er stoltur bakhjarl Sinfóníuhljómsveitar Íslands



Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is



Borgun er einn af samstarfsaðilum Sinfónúhljómsveitar Íslands og treystir þannig undirstöður sveitarinnar.



BORGUN

AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 • 108 Reykjavík • Sími 560 1600 • www.borgun.is